

# Slátrað á Patreksfirði

## Sláturhúsið á Bíldudal hefur enn ekki fengið leyfi

Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur leigt Sláturfélag Vestur-Barðstrendinga sláturhúsið á Patreksfirði. Félagið hefur þegar fengið sláturleyfi og hefst slátur þar væntanlega eftir helgina. Sláturfélag Arnfirðinga, sem rekur sláturhúsið á Bíldudal, hefur enn ekki fengið sláturleyfi, en í fyrra fór öll sauðfjárslátur í sýslunni fram þar.

Síðast var slátrað í sláturhúsinu á Patreksfirði fyrir tveimur árum. Húsið var síðan selt og þar var rekin rækjuvinnsla. Fyrr á þessu ári var húsið slegið Stofnlánadeild landbúnaðarins á uppboði. Bændur í Rauðasands- og Barðastrandarhreppi hafa nú stofnað Sláturfélag Vestur-Barðstrendinga og tekið húsið á leigu og hefur þeim þegar verið veitt sláturleyfi.

Að sögn Ara Ívarssonar sláturhússtjóra þurfti að gera nokkrar endurbætur á húsinu. Til dæmis hafði kjöt verið skilið eftir í frystigeymslu hússins. Frostið var síðan tekið af geymslunni með þeim afleiðingum að kjötið úldnaði og maðkaði. Ari sagði að byrjað hefði verið á því að hreinsa frystigeymslurnar og nú væri unnið að því að

koma húsinu í það horf sem það var í áður en starfsemi rækjuvinnslunnar hófst, en félagið stefnir að því að kaupa húsið. Aðspurður um hvort grundvöllur væri fyrir að reka tvö sláturhús í sýslunni sagði hann að þetta væri ekki spurning um það, heldur um hvort bændur gæti slátrað búfé eða ekki. „Það er til dæmis ekki hægt að slátra stórgripum í sláturhúsinu á Bíldudal.“

En við erum ekki að vinna á móti Bílddælingum, ég vonast reyndar til að þeir fái sláturleyfi,“ sagði Ari.

Gert er ráð fyrir að stórgripa-slátur hefjist á Patreksfirði eftir helgi og verður slátrað 150 til 200 stórgripum. Þegar því er lokið byrjar sauðfjárslátur og sagði Ari að ekki lægi fyrir hve mörgu fé yrði slátrað en áætlað er að það verði 2000 til 2700 fjár.


Sláturfélag Arnfirðinga vinnur nú að endurbótum á sláturhúsi sínu á Bíldudal samkvæmt kröfum sem fyrrverandi héraðsdýralæknir á staðnum gerði. Sigurður Guðmundsson framkvæmdastjóri félagsins sagði að þeim þætti þessar kröfur miklar „svona í einum bita“, eins og hann orðaði það. „Við höfum verið að endurbæta sláturhúsið svo til árlega og í fyrra voru engar

kröfur um endurbætur settar fram. Þá var slátrað í húsinu athugasemdalaust. Áður en hafist var handa við lagfæringar nú var húsið ekkert í verra standi en það var í fyrra.“

Sigurður sagði að endurbótum væri nú að ljúka og þá yrði dýralæknir fenginn til þess að skoða húsið með tilliti til væntanlegs sláturleyfis. „Við höfum ekki fengið afsvar ennþá og verðum að biða og sjá,“ sagði hann. „Við ætlum ekki að láta eitthvert kerfi svínbeygja okkur. Það hefur reynt á það áður að við gefumst ekki upp baráttulaust.“

Í fyrra var sláturhúsið á Bíldudal eina sláturhúsið í sýslunni og var þá slátrað þar 6450 fjár. Nú er gert ráð fyrir að slátra þar um 3000 fjár.

Samkvæmt upplýsingum sem Morgunblaðið fékk hjá Kjartani Blöndal í landbúnaðarráðuneytinu er beðið eftir að lokið verði við að gera þær endurbætur á sláturhúsinu sem fyrrverandi héraðsdýralæknir benti á. Þá verður héraðsdýralæknirinn í Stykkishólmi beðinn um að gera úttekt á húsinu og verður umsóknin um sláturleyfi afgreidd samkvæmt umsögn hans.



Morgunblaðið/RAX

Unnið að uppsetningu listmunanna sem boðin verða upp á sunnudaginn. Þeir verða til sýnis í Gallerí Borg í Austurstræti föstudag og laugardag.

## Gallerí Borg:

# Fyrsta listmunauppboðið eftir niðurfellingu söluskatts

GALLERÍ Borg heldur klukkan 16.30 á sunnudaginn listmunauppboð á Hótel Borg. Þetta er ellefta listmunauppboðið sem Gallerí Borg heldur og jafnframt fyrsta listmunauppboðið sem fram fer eftir að Alþingi felldi niður söluskatt af málverkum og setti í staðinn á 10% gjald sem leggst ofan á innkaupsverð. Gjald þetta mun renna ýmist til handhafa höfundarréttar eða í starfslaunasjóð myndlistarmanna.

Að sögn Gísla B. Björnssonar hjá Gallerí Borg standa vonir til að þessi breyting muni auðvelda fólki að eignast listaverk. 25% söluskatturinn hafi verið þrándur í götu, menn myndu frekar sætta sig við 10% höfundargjaldið. Einnig sagði Gíslu að nokkuð hefði verið um það að undanförunu að íslenskir safnarar hefðu leitað til útlanda til að kaupa málverk eftir íslenska meistarar í söfn sín. Þeir hefðu þá oft á tíðum

greitt mun hærra verð fyrir verkin en tíðkaðist hér á landi.

Meðal verka sem boðin verða upp á sunnudaginn má nefna fimm verk eftir Kjarval, þrjár myndir eftir Svavar Guðnason, æskuverk eftir Þorvald Skúlason, Þingvallamynd eftir Gunnlaug Blöndal, textíilverk eftir Barböru Árnason og olíumálverk eftir Jóhann Briem og Jón Stefánsson auk gífsafsteypu af „Fæðing sálar“ eftir Einar Jónsson.

Einnig verða boðin upp Íslandskort og myndir frá Íslandi sem hingað hafa borist frá Þýskalandi. Kortin og myndirnar hafa ýmist birst í erlendum kortabókum, tímaritum eða dagblöðum frá 1522 til 1890. Flest öllum verkum á uppboðinu fylgja lágmarksverð svo og markaðsverð á mörgum þeirra.

Myndirnar og þau verk sem verða boðin upp á sunnudaginn verða sýnd í Gallerí Borg, Austurstræti, klukkan 10-18 á laugardag.



Valgarð Gunnarsson og Jón Axel Björnsson fundirbúa sýningu á Kjarvalsstöðum.

## Kjarvalsstaðir:


# Þrjár sýningar opnaðar

ÞRJAR SÝNINGAR verða opnaðar á Kjarvalsstöðum í dag, laugardag, klukkan 14.00. Katrín H. Ágústsdóttir sýnir vatnslitamyndir í vestur forsali, þau Björg Órvar, Jón Axel Björnsson og Valgarður Gunnarsson sýna málverk og skúlptúr í vestursal og Rúri sýnir umhverfisverk í austursal. Sýningarnar standa til 11. október.

Sýning Katrínar H. Ágústsdóttur er fimmta einkasýning hennar. Á sýningunni eru vatnslitamyndir, áhersla er lögð á landslagsmyndir og myndefnið er aðallega frá Ströndum. Katrín stundaði nám við Myndlista og handíðaskólann, í Handavinnudeild Kennaraskóla Íslands og við Myndlistaskólann í Reykjavík. Auk þess hefur lúin farið í námsferðir til Danmerkur og Finnlands.

Katrín starfaði áður að textíl ásamt Stefáni Halldórssyni, en þau reka textíilverkstæði. Þar hafa þau unnið við fatnað, þjófólfsmyndir og hökla. Katrín hefur haldið átta einkasýningar á batikmyndum, haldið nokkrar kjólasýningar og tekið þátt í samsýningum.

Björg Órvar, Jón Axel Björnsson og Valgarður Gunnarsson stunduðu öll nám við Myndlista og handíðaskóla Íslands árin 1975-79. Björg var í framhaldsnámi við Listadeild Kaliforníuháskóla í Davis í Bandaríkjunum 1981-83, hefur haldið fjórar einkasýningar og nokkrarsamsýningar á Íslandi, í Bandaríkjunum og Austur Þýskalandi. Jón Axel hefur haldið fimm einkasýningar, auk samsýninga á Íslandi, í Svíþjóð og í Frakklandi. Valgarður nam við Empire State College í New York 1979-81, hefur haldið þrjár einkasýningar og nokkrar samsýningar á Íslandi og í Svíþjóð, tók meðal annars þátt í farandsýningunni „Miklatún-Manhattan“ á vegum Norrænu listamiðstöðvarinnar árið 1986. Á sýningu þessara þriggja listamanna í vestursal Kjarvalsstaða verða sýnd málverk og skúlptúrverk.



Katrín H. Ágústsdóttir við mynd sína „Öræfaslóð“. Morgunblaðið/KG

Rúri stundaði framhaldsnám í Hollandi að loknu námi við Myndlista og handíðaskólann. Hún hefur tekið þátt í yfir 50 samsýningum víða um heim og haldið sex einkasýningar. Á sýningu hennar í austursal verða sýnd tvö umhverfisverk. Annað heitir Tími, en í því eru ljósmyndir framkallaðar á stórar glerplötur, hitt heitir Safn og var unnið á þessu ári. Einnig verða sýndar „grafískar dokumentasjónir“ tengdar gríðarstórum útskúlptúrum Rúríar í Malmö, Kaupmannahöfn og Helsinki frá árunum 1984-86. Ekkert verkanna hefur verið sýnt áður hér á landi.



Þessi Þingvallamynd eftir Gunnlaug Blöndal er meðal þeirra verka sem boðin verða upp á Hótel Borg á sunnudaginn. Lágmarksverð myndarinnar er 250.000 krónur.